

# 1 Mennta-, menningar-, félags- og 2 tómstundamál

3 Öflugt menntakerfi byggir á framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan,  
4 þrautseigju og öfluga félagsfærni og tekur tillit til örra breytinga samfélagsins. Aðgengi að námi,  
5 skapandi félags- og tómstundastarfi og fjölbreyttu menningaruppeldi frá unga aldri skal vera  
6 jafnt með tilliti til kynja, kynvitundar, kynhneigðar, þjóðernis, fötlunar, trúarbragða, búsetu,  
7 efnahags eða annarrar stöðu. Öll börn og ungmenni sem ekki hafa íslensku að móðurmáli skulu  
8 fá stuðning og eftirfylgni til að þau hafi jafnar forsendur til náms.

- 9 • Menntun fyrir öll – nám alla ævi
- 10 • Hagfelld starfsumhverfi skóla leiðir til öflugs faglegs starfs
- 11 • Brúum umönnunarbilið
- 12 • Öflugt menningar- íþrótt- og tómstundastarf óháð efnahag
- 13 • Kröftugt menningarstarf um allt land

14 *Landsþing 11. febrúar 2023*

## 15 Menntun fyrir öll – nám alla ævi

16 Við uppbyggingu öflugs menntakerfis á að vinna eftir fjórða heimsmarkmiði Sameinuðu  
17 þjóðanna sem segir: „*Tryggja skal jafnt aðgengi barna, óháð efnahag, að skapandi félags- og*  
18 *tómstundastarfi og fjölbreyttu menningaruppeldi frá unga aldri.*”

19 Menntun er undirstaða jafnréttis, tækifæra og velferðar í samfélagi okkar og er um leið forsenda  
20 framþróunar. Við viljum tryggja einstaklingum nám við hæfi með tilliti til ólíkrar færni, fötlunar,  
21 trúarbragða, kynvitundar, kynhneigðar, búsetu, þjóðernis, **aldurs** eða annarrar stöðu. Nám fer  
22 fram alla ævi og því er mikilvægt að byggja brýr milli allra skólastiga og tryggja frelsi einstaklinga  
23 til að stunda nám sem hentar hverjum og einum. Viðreisn leggur jafnt vægi á bók-, verk-, iðn- og  
24 listnám á öllum skólastigum með fjölbreyttu rekstrarformi og sveigjanlegu þrepaskiptu námi sem  
25 leiðir til viðurkenningar á vinnumarkaði þar sem þörfum einstaklinga er mætt á öllum  
26 skólastigum.

27 Aukið val samhliða fjölbreyttum náms- og kennsluháttum gefur nemendum á öllum skólastigum  
28 kost á fræðslu við hæfi þar sem þeir fái notið sín og vaxið. Sérstaklega skal styðja við nemendur

29 með ólíka færni á öllum skólastigum og fjölga námsframboði á efri skólastigum. Markmið alls  
30 náms, á öllum skólastigum verði að styrkja sjálfsmynd einstaklinga og vellíðan barna.

31 Menntastefna allra skólastiga þarf að endurspegla mikilvægi stafrænnar færni og þekkingar til  
32 að búa og starfa í nútímasamfélagi. Í þessari vegferð leggur Viðreisn áherslu á átta gerðir af  
33 lykilhæfni sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint til árangursríkrar vinnu í átt að  
34 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, svo sem að hæfni til að þekkja sjálfan sig, hugsa  
35 kerfislægt og þróa með sér gagnrýna hugsun. Aðgengi að stafrænni tækni er brýnt jafnréttismál  
36 og grunnur þess að öll hafi jafnt aðgengi að þjónustu. Stafræn færni í sí- og endurmenntun er  
37 forsenda þess að Ísland geti tekist á við tækniframfarir og þær breytingar sem þær munu hafa í  
38 för með sér.

39

40 Viðreisn leggur áherslu á að efla raunfærnimat á framhaldsskólastigi, háskólastigi og á mótí  
41 viðmiðum starfa í atvinnulífinu. Skilgreina þarf námslok innan framhaldsfræðslunnar líkt og á  
42 öðrum skólastigum og efla enn frekar framhaldsfræðslu til að koma til móts við einstaklinga sem  
43 hafa ekki lokið formlegu námi.

44 Námslán og skólagjöld taki mið af því að öll hafi jöfn tækifæri til framhalds- og háskólanáms,  
45 óháð efnahag og búsetu. Viðreisn vill efla enn frekar styrkja- og lágvaxtalanakerfi námslána.  
46 Stefna ætti að blönduðu styrkja- og lánakerfi, þar sem námsmenn hafi þó kost á að nýta  
47 eingöngu styrkinn. Viðreisn vill afnema frítekjumark námslána Menntasjóðs námsmanna og telur  
48 rétt að grunnframfærsla námslána taki mið af grunnviðmiði neysluviðmiðs félagsmálaráðuneytis,  
49 uppfært miðað við vísitölu neysluverðs, að viðbættum húsnæðiskostnaði og að teknu tilliti til  
50 fjölskyldustærðar námsmanna og búsetu. Umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem hafa hlotið  
51 dvalarleyfi á Íslandi, skulu jafnframt eiga kost á námslánnum.

## 52 **Hagfellt starfsumhverfi menntastofnana leiðir til öflugs** 53 **faglegs starfs**

54 Búa þarf kennurum og öðru starfsfólki gott starfsumhverfi á öllum skólastigum. Leggja skal  
55 áherslu á starfsþróun, markvissa faglega endurgjöf, tæknivætt starfsumhverfi og samþætta  
56 stoðþjónustu. Sérstaklega skal veita kennurum tækifæri til að þróa getu sína til að miðla

57 þekkingu með stafrænni tækni. Leggja skal áherslu á þverfaglegt samstarf innan skóla til að  
58 mæta þörfum nemenda með öflugum teymissamstarfi fagfólks á sviðum velferðar, heilbrigðis og  
59 menntastofnanna, líkt og þroskaþjálfna, stuðningsfulltrúa og talmeinafræðinga. Stoðþjónusta  
60 innan menntakerfis er nauðsynleg nemendum og því vill Viðreisn tryggja gott aðgengi að  
61 sálfræðiþjónustu og náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum.

## 62 **Brúum umönnunarbilið**

63 Leikskólinn er fyrsta skólastigið og leggja þarf áherslu á að gera starfsaðstæður innan leikskóla  
64 eftirsóknarverðar til að fjölga starfsfólki til að takast á við mönnunaryvandann. Auka þarf  
65 sveigjanleika í menntun starfsfólks. Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla enn frekar.  
66 Viðreisn telur að fjölbreytt rekstrarform á leikskólastigi sé jákvætt fyrir skólastigið sem og fyrir  
67 börn og foreldra að velja það sem hentar þeim best.

## 68 **Öflugt íþrótt- og tómstundastarf óháð efnahag**

69 Tryggja skal jafnt aðgengi barna, óháð efnahag, uppruna, getu og búsetu, að skapandi félags-  
70 og tómstundastarfi og fjölbreyttu menningaruppeldi frá unga aldri. Viðreisn vill leita allra leiða til  
71 að fá börn og unglinga af erlendu uppruna til þátttöku í félags- og tómstundastarfi. Viðreisn vill  
72 stuðla að uppbyggingu á félags- og tómstundastarfi um land allt. Tryggja skal jafnt aðgengi  
73 barna, óháð efnahag, uppruna, getu og búsetu, að skapandi félags- og tómstundastarfi og  
74 fjölbreyttu menningaruppeldi frá unga aldri. Slíkt getur af sér víðsýna einstaklinga með sterka  
75 sjálfsmynd og hæfni til að takast á við ný og óþekkt störf framtíðar.

76 Viðreisn vill stefna að heilsueflandi samfélagi fyrir alla aldurshópa. Félags-, íþrótt- og  
77 tómstundastarf, fyrir börn jafnt sem fullorðna, stuðlar að aukinni félagsfærni og lýðræðisvitund,  
78 hefur forvarnargildi og bætir heilsu og vellíðan. Með styttingu vinnuvikunnar gefst fólki á öllum  
79 aldri aukinn tími til að rækta tómstundir sínar.

80 Tryggja þarf að skipulagt íþróttastarf hafi skýrar jafnréttisáætlanir og að þátttakendum sé ekki  
81 mismunað á grundvelli kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, uppruna eða ólíkrar getu.

82 Tryggja skal sérsamböndum markvissan stuðning og betri aðstöðu til að hlúa að afreksfólki og  
83 þjálfa það. Fyrirmyndir á sviði afreksíþróttar eru ómetanlegar fyrir allt forvarnarstarf og

84 uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsmála. Alþingi hefur samþykkt tillögu Viðreisnar um mótun  
85 heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands  
86 og sveitarfélögin. Kveikja tillögunnar var sú staðreynd að síðastliðinn áratug hefur íslenskt  
87 afreksíþróttafólk reglulega vakið athygli á slæmri fjárhags- og réttindastöðu sinni. Fylgja þarf  
88 samþykkt tillögunnar eftir og tryggja að afreksíþróttafólki verði búin umgjörð sem sómi er  
89 að. Tryggt verði aukið fjármagn í Afrekssjóð ÍSÍ sem að renni í meira mæli til yngri landsliða og  
90 afreksfólks óháð kyni.

## 91 **Kröftugt menningarstarf um allt land**

92 Öflugt menningarstarf um allt land er forsenda blómlegrar byggðar. Við eflingu menningarstarfs  
93 skal horfa til efnahagslegrar þýðingar menningarstarfsemi og skapandi greina, sem verða sífellt  
94 mikilvægari hluti atvinnulífs og verðmætasköpunar. Endurskoða þarf menningartengda sjóði,  
95 þ.e. launa-, rannsókn- og verkefnasjóði með það fyrir augum að efla þá enn frekar og tryggja  
96 fagleg og gagnsæ vinnubrögð við úthlutun.

97 Frjálssir og óháðir fjölmiðlar eru hornsteinn lífshæðisins. Einkareknir fjölmiðlar og almannaútlit  
98 hafa menningar- og lýðræðislegu hlutverki að gegna. Nauðsynlegt er að huga að  
99 samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla og stuðningi hins opinbera, sérstaklega við innlenda  
100 dagskrágerð. Veru RÚV á auglýsingamarkaði þarf að endurskoða með tilliti til stöðu  
101 einkarekinna fjölmiðla. Viðreisn telur að erlendir miðlar sem auglýsa á Íslandi, svo sem  
102 Facebook og Google, skuli greiða skatta til íslenska ríkisins, til jafns við aðra auglýsingamiðla.